

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 198/2014

198-2015i

frá 25. september 2014

## um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 205/2014 frá 4. mars 2014 sem mælir fyrir um samræmd skilyrði varðandi framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1260/2013 um lýðfræðilegar hagtölur í Evrópu, að því er varðar sundurliðun gagna, tímamörk og endurskoðun gagna <sup>(1)</sup>.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18z4 (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 141/2013) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18z5. **32014 R 0205**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 205/2014 frá 4. mars 2014 sem mælir fyrir um samræmd skilyrði varðandi framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1260/2013 um lýðfræðilegar hagtölur í Evrópu, að því er varðar sundurliðun gagna, tímamörk og endurskoðun gagna (Stjtið. ESB L 65, 5.3.2014, bls. 10).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 205/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 65, 5.3.2014, bls. 10.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.